

Land&synir

STOFNAÐ 1995 • WWW.PRODUCERS.IS • NR. 39 • HAUST 2003 • 3. TBL. 9. ÁRG.

ALLT UM EDDU 2003

MUNIÐ
KOSNINGARNAR
6.-9.OKTÓBER
HJÁ KVIKMYNDA-
MIÐSTÖÐ TÚNGÖTU 14
og á mbl.is

EDDA 2003

ÍSLENSKÚ
KVIKMYNDA-
OG SÍÐMYRPSYRDLAUNIN



Úr kvikmyndinni
"Orðið" (1955)
eftir Carl Th. Dreyer,
en myndin verður á
dagskrá Bæjarbíós í
desember.



Komið og sjáið!

HAUSTDAGSKRÁ
BÆJARBÍÓS ER
Í FULLUM GANGI.

REGLULEGAR SÝNINGAR Á
ÞRIÐJUDÖGUM KL. 20
OG LAUGARDÖGUM KL. 16.

MYNDIR Í OKTÓBER OG FRAM Í DESEMBER:

- **Viridiana**/Luis Bunuel
- **Einfaldi morðinginn**/Hans Alfredson
- **Lili Marleen**/Rainer Werner Fassbinder
- **Síðasta freisting Krists**/Martin Scorsese
- **Hrafninn flýgur**/Hrafn Gunnlaugsson
- **Veronica Voss**/Fassbinder
- **Fistful of Dollars**/Sergio Leone
- **Miðnesheiði**/Sigurður Snæberg Jónsson
- **Orðið**/Carl Th. Dreyer
- **Fanny og Alexander**/Ingmar Bergman

Útgefandi: Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían ehf. Með stuðningi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Íslenska útvarpsfélagsins, Íslenska sjónvarpsfélagsins og Ríkisútvarpsins-sjónvarps. **Ritstjóri:** Ásgrímur Sverrisson. **Ábyrgðarmaður:** Björn Brynjúlfur Björnsson. **Ritnefnd:** Anna Th. Rögnvaldsdóttir, Ari Kristinsson, Björn Brynjúlfur Björnsson, Gunnar Þorsteinsson, Heimir Jónasson, Hrafn Gunnlaugsson, Ingvar Þórisson, Ólafur H. Torfason, Laufey Guðjónsdóttir. **Prentun:** Prisma/Prentco. Land & synir kemur út tvisvar á ári, vor og haust. **Tölvupóstur:** asgrimur@asgrimur.is.

NYR VEFUR: www.logs.is - opnar í október 2003.

STJÓRNIR FÉLAGANNA

STJÓRN FÉLAGS KVIKMYNDADAGERÐARMANNA: Formaður: Björn Br. Björnsson. Varaformaður: Jón Karl Helgason. Ritari: Kristín Erna Arnardóttir. Gjaldkeri: Katrín Ingvadóttir. Meðstjórnendur: Anna Dís Ólafsdóttir, Ingvar A. Þórisson, Hjálmtýr Heiðdal. Varamenn: Kristín María Ingimarsdóttir, Hildur Bruun. **STJÓRN FRAMLEIÐENDAFÉLAGSINS SÍK:** Formaður: Ari Kristinsson. Varaformaður: Jón Þór Hannesson. Gjaldkeri: Snorri Þórisson. Meðstjórnendur: Friðrik Þór Friðriksson og Guðmundur Kristjánsson. Varamenn: Viðar Garðarsson og Hrafn Gunnlaugsson. **STJÓRN SAMTAKA KVIKMYNDALEIKSTJÓRA:** Formaður: Friðrik Þór Friðriksson. Gjaldkeri: Hilmar Oddsson. Ritari: Óskar Jónasson. Varamenn: Hrafn Gunnlaugsson, Kristín Jóhannesdóttir, Jón Tryggvason.

Hvar og hvenær er kosið?

Kosið er um tilnefningar til Eddu 2003 dagana 6.-9. Október. Kosningar fara fram á skrifstofu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14 í Reykjavík. Kjörstaður er opin frá tíu til sex þessa dags.

Rétt til að kjósa hafa þeir sem eru á kjörskrá Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.

Þeir sem eru á kjörskrá en eiga þess ekki kost að komast á kjörfund geta kosið utan kjörstaðar með sérstökum atkvæðaseðlum sem fást hjá Kvikmyndamiðstöð. Utankjörstaðatkvæði þurfa að hafa borist fyrir kl. 18:00 fimmtudaginn 9. október 2003.

Áritunin er:
EDDA 2003 /
Utankjörstaðatkvæði,
Íslenska kvikmynda- og
sjónvarpsakademían,
Túngötu 14, 101 Reykjavík.



Edduverðlaunin 2003 veitt þann 10. október á Nordica hótél

Edduhátíðin verður haldin föstudaginn 10. október næstkomandi í hinum nýju og afar glæsilegu húsakynnum **Nordica hótél** við Suðurlandsbraut. Þekktir einstaklingar úr hópi leikara, skemmtikrafta, fjölmiðlafólks og annarra munu koma fram og afhenda verðlaun fyrir einstaka flokka, sýnd verða brot úr verkum sem eru tilnefnd og ýmsar skemmtilegar upptakomur verða á milli verðlaunaafhendinga. Óhætt er að fullyrða að hátíðin hafi unnið sér sess meðal almennings sem ein glæsilegasta athöfn ársins. Athöfnin sjálf mun taka um eina og hálfa klukkustund og sendir Sjónvarpið út beint frá henni líkt og undanfarin ár.

Strax að lokinni verðlaunaathöfninni verður efnt til hátíðardansleiks á sama stað þar sem verðlaunahafar og gestir hátíðarinnar njóta kvöldsins við tónlist og ljúfar veitingar. Tekið verður á móti gestum með fordrykk og er hann innifalinn í miðaverði. Spariklæðnaður er áskilinn.

Ert þú á kjörskrá Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar?

Ávef Kvikmyndamiðstöðvar, www.kvikmyndamidastod.is, getur þú séð hvort þú ert á kjörskrá. Sértu þar ekki en telur þig eiga að vera þar getur þú sent inn kæru. Á sama hátt getur þú farið og kosið og verður þá farið með atkvæði þitt líkt og utankjörstaðatkvæði. Í 2. grein laga ÍKSA segir: "Á kjörskrá eru meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar. Rétt að aðild að Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsaka-

demíunni hafa þeir er sannanlega hafa unnið að tveimur kvikmynda- og/eða sjónvarpsverkefnum* í einum eftirfarandi flokka:

- Aðstoðarleikstjóri
- Brellumestari
- Framkvæmdastjóri
- Framleiðandi
- Gripill
- Handritshöfundur
- Hljóðhönnuður
- Klippari

- Kvikmyndatökumaður
- Leikari í aðal- og/eða aukahlutverki
- Leikmyndahönnuður
- Leikstjóri
- Ljósahönnuður
- Tónlistarhöfundur
- Hljóðmaður
- Leikmunavörður
- Aðstoðartökumaður
- Sviðsmaður
- Búningahönnuður
- Föðunarmeistari

- Tæknistjóri
- Myndblandari
- Skrifta
- Grafískur hönnuður

*Með kvikmynda- eða sjónvarpsverkefnum er átt við kvikmyndir sem hafa verið sýndar opinberlega í kvikmyndahúsi í a.m.k. sjö daga samfleytt og sjónvarpsefni sem birst hefur á viðurkenndri sjónvarpsstöð og fellur undir þá flokka sem tilnefnt er í.

Ástin er alheimsaflið

“Birtingarmynd ástarinnar í íslenskum kvikmyndum” er þema Edduhátíðarinnar í ar. Af því tilefni bendir Ólafur H. Torfason á að ástin er sterkasta alheimsaflið og að því fyrr sem kvikmyndagerðarmenn átti sig á því, þeim mun líklegra er að þeim takist að gera dugleg og hrífandi verk.

Í pallborðsumræðum Wim Wenders, Lars von Trier, Ben Kingsley og István Szabó á vegum Evrópsku kvikmyndaakademíunnar á Gautaborgarhátíðinni 1995 bar nýjustu bíómyndir Friðriks Þórs Friðrikssonar á góma. Fjórmennsingarnir ræddu þá að ósk Akademíunnar hvað gæfi sögu af afskekknum heimaslóðum alheimsgildi. Szabó (f. 1938), einn reyndasti og þekktasti ræmundur Evrópu, var nýbúinn að horfa sér til heilla á *Börn náttúrunnar* (‘91) og *Bíódaga* (‘95) og sagði um þá síðarnefndu:

“Það var eitthvað þarna sem snart mig mjög, mjög djúpt. Mynd Friðriks er svo einföld. Nokkur börn að hlaupa fram og aftur, horfandi á fullorðna gegnum gluggarúðuna, stundum syngjandi. Þetta var ekkert, en fullt af ljóðrænu, fullt af heimspeki, fullt af reynslu og fullt af - ást. Ég held að þetta sé leyndardómurinn, ekki bara í mynd Friðriks Þórs, þetta er leyndarmál hinnar raunverulegu evrópsku myndar. Kvikmynd full af ást. Þetta er raunverulega leyndarmálið, mjög auðvelt að segja það, mjög erfitt að framkvæma það.”

Ástin sem Szabó vísar til í þessari bíómynd Friðriks Þórs er náttúrliga kærleikur á víðum grundvelli, samúð, væntumþykja,

hlýja og samstaða. Ástin í þeim skilningi er sterkasta alheimsaflið að mati fylgjenda flestra trúarhreyfinga. Unglingagreidda og platónsk hrífning eru aðeins undirflokkar

birst í íslenskum kvikmyndum? Við þurfum að skoða fleira en hugarástand persóna sem girnast í draumaverksmiðjunni. Það er til dæmis heilmikil veraldarást og hlýja í




**“ÁSTIN GETUR BIRST Í SVO ÓTALMÖRGUM MYNDUM”:
Hér fagna þau Kristbjörg Kjeld og Gunnar Eyrólfsson
heiðursverðlaunum Íslensku kvikmynda- og sjónvarps-
akademíunnar árið 2001.**

Í bakgrunni er atriði úr 79 af stöðinni.

alheimsástarinnar. Því fyrr sem kvikmynda-gerðarmenn átti sig á þessu þeim mun líklegra er að þeim takist að gera dugleg og hrífandi verk. Hvernig hefur þá alheimsástin

Eldsmiðnum og *Kúrekum norðursins*, heimildarmyndum Friðriks Þórs sem vísuðu veginn. Almenn talað er Friðrik Þór ástar-kóngur íslenskra kvikmynda. Hann dáist að viðfangsefnum sínum. Þráir þau og fer um þau nærfærnnum höndum, hann er þjónn þeirra. Það leikur líka varla nokkur vafi á því að Hrafn Gunnlaugsson er ástríðufullur og leitar réttlætis og kærleika í ræmum sínum, þær anga af þrá, jafnvel þær sem fjalla um skipulagsmál og óbyggðir, sem merkir líka að höfundurinn þorir að svamla í iðuköstum alheimsástarinnar. Og hann er sannkallaður boðandi, hefur málstað og brennandi hjarta.

Varðandi samskipti persóna eru trúverðug háhitasvæði ástar í *79 af stöðinni* (‘62) eftir Erik Balling, *Eins og skepnan deyr* (‘86) og *Tár úr steini* (‘95) eftir Hilmar Oddsson, *Dansinum* eftir Ágúst Guðmundsson (‘98) og einna flottust í myndum Róberts Douglas *Íslenska draumnum* (‘00) og *Maður eins og ég* (‘02). En segja má að áhrifamesta ástin sé í þeirri vanmetnu ræmu *Magnúsi* (‘89) eftir Práinn Bertelsson þar sem ástin á lífinu sigrar allt. Sem er tilgangurinn og ætti að vera hið raunverulega boðunarefni sem flestra bíómynda.



Sjónvarpsþáttur ársins:

Sjálftætt: Ník, Jón Ársæll Þorðarson og Steingrímur Þórðarson

Sjónvarpsfréttamaður ársins:

Bryndísur Ólafsdóttir

Heimildamynd ársins:

Eg lífi, ferðirðaróli Stóriðs fyrir Stöð 2

Kjóstu um hver
fær Edduna á

mbl.is

frá og með 4. okl.

Vel valin þrenna!

Við fengum þrjár tilnefningar til Edduverðlaunanna 2003
og erum stolt af glæsilegum hópi fólks sem starfar
að vandaðri dagskrárgerð.





Nicole Kidman í *Dogville* eftir Lars Von Trier, sem sýnd verður á Kvikmyndahátíð Eddunnar.



KVIKMYNDAHÁTÍÐ EDDUNNAR

Í tilefni fimm ára afmælis Edduverðlaunanna verður haldin sérstök "Kvikmyndahátíð Eddunnar" í Regnboganum í samstarfi við kvikmyndasvið Norðurljósa, dagana 3.-19. október, þar sem boðið verður uppá þverskurð af athyglisverðustu erlendu kvikmyndum ársins.

HERO / YING XIONG 2002

Hetjan

Spenna / drama. Hong Kong / Kína. Íslenskur texti. 93 mínútur. Leikstjóri: Zhang Yimou. Helstu leikarar: Jet Li, Tony Leung Chiu Wai, Maggie Cheung, Ziyi Zhang, Daoming Chen og Donnie Yen.

- Tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin 2003.
- Tilnefnd til Golden Globe verðlauna 2003 sem besta erlenda mynd.
- Kvikmyndahátíðin í Berlín – vann f. bestu leikstjórn, tilnefnd til Gullna Björnsins.
- Kvikmyndahátíðin í Hong Kong – vann f. bestu listrænu leikstjórn, búninga, kvikmyndatöku, útfærslu spennuatriða, tónlist, hljóð og brellur. Tilnefnd fyrir leikstjórn, leik konu í aðalhlutverki, bestu mynd, klippingu, handrit, lag og leikkonu í aukahlutverki.

Kína var skipt í sjö konungs-

dæmi til forna. Qin, konungur norður konungdæmisins, er í stanslausri hættu frá leigumorðingjum. Hann hræðist mest leigumorðingjana "Brotið Sverð", "Fljúgandi Snjó" og "Himinn". Dag einn kemur til hans herforingi sem heldur því fram að hann hafi drepð alla þrjá óvini konungsins og segir ótrúlega söguna af því hvernig hann sigraði "Himinn" í einvígi og notaði ást "Brotins Sverðs" og "Fljúgandi Snjós" gegn þeim. Einstök kvikmyndataka, ótrúlegar bardagasenur og frábært handrit. Margverðlaunað kvikmyndalistaverk.

ELEPHANT 2003

Fíllinn

Drama / heimildamynd. Bandaríkin. Enskt tal. 81 mínúta. Leikstjóri: Gus Van Sant. Helstu leikarar: Alex Frost, Eric Deulen, Elias McConnell, Jordan Taylor ofl. Vann Gullna Pálmann í Cannes og f. besta leikstjóra.

Ofbeldisatburður vekur upp nemendur og starfsfólk í skóla í Portland, Oregon. Kröftug ádeila á skotárásir í framhaldsskólum í Bandaríkjunum.

DOGVILLE 2003

Drama / spenna. Danmörk / Frakkland / Svíþjóð / Noregur / Holland / Finnland / Bretland / Bandaríkin / Ítalía / Japan. Enskt

tal. 177 mínútur. Leikstjóri: Lars Von Trier. Helstu leikarar: Nicole Kidman, Harriett Andersson, Lauren Bacall, Paul Bettany, James Caan, Ben Gazzara, John Hurt ofl. Tilnefnd til Gullna pálmans í Cannes 2003.

Hin gullfallega Grace (Kidman) er á flotta undan glæpamönnum og endar í hinum einmana-lega smábæ Dogville, USA. Bæjarbúar samþykkja að hjálpa henni og í staðinn vinnur hún fyrir þá. En þegar glæpamennirnir hefja leitina af krafti fer góðmennska bæjarbúa að breytast. En Grace býr yfir öflugu og hættulegu leyndarmáli sem gæti reynst Dogville hættulegt.

DIRTY PRETTY THINGS 2003

Ljótir fallegir hlutir

Drama. Bretland. Enskt tal. 107 mínútur. Leikstjóri: Stephen Frears. Helstu leikarar: Audrey Tatou, Sergi López, Chiwetel Ejiofor ofl.

- Tilnefnd f. besta handrit á Bafta verðlauninum og tilnefnd til Alexander Korda verðlaunanna sem besta breska myndin.
- Vann Evening Standard verðlaun f. bestu mynd og leikara (Chiwetel Ejiofor)
- Vann f. besta handrit á bresku Gagnrýndahátíðinni
- Tilnefnd til Gullna Ljósins í Feneyjum og vann Sergio Trasatti verðlaunin f. leikstjórn.

Sum leyndarmál eru of hættuleg! Okwe, lækni frá Níg-eríu, og Senay, tyrknesk þerna, vinna á sama hótelinu í London. Hótelið er rekið af Senor Sneaky og þar fer fram alls konar ólögleg starfsemi eins og eiturylfjasala og vændi. En þegar Okwe finnur hjarta úr manni í klósetti á einu herbergjanna þá koma í ljós að enn meiri og hættulegri starfsemi á sér stað á þessu skuggalega hóteli.

BLUE CAR 2002

Blái bíllinn

Drama. Bandaríkin. Enskt tal. 94 mínútur. Leikstjóri: Karen Moncrieff. Helstu leikarar: David Strathairn, Agnes Bruckner, Margaret Colin ofl.

- Tilnefnd til Deauville verðlaunanna f. leikstjórn.
- Tilnefnd til Montréal verðlaunanna f. leikstjórn.
- Vann f. bestu mynd á Woodstock kvikmyndahátíðinni.

Þú flýrð ekki framtíðina...

Hin 18 ára gamla og hæfileikaríka Meg er yfirgefin af föður sínum og vanrækt af móður sinni. Hún þarf að sjá um systur sína sem glímur við geðræn vandamál en finnur útrás í ljóðum með stuðning frá ensku kennaranum sínum, Hr. Auster. En það sem byrjaði sem samband kennara og nemanda verður mun flóknara...

CARANDIRU 2003

Carandiru fangelsið

Drama. Brasilía / Argentína. Enskur texti. 148 mínútur. Leikstjóri: Hector Babenco. Helstu leikarar: Luiz Carlos Vasconcelos, Milhem Cortaz, Milton Gonçalves, Ivan de Almeida.

- Babenco tilnefndur sem besti leikstjóri í Cannes.

Byggð á reynslu Dr. Drauzio Varella í hinu hræðilega Carandiru fangelsi í São Paulo, Brasilíu, þegar hann vann forvarnarstarf gegn eyðni. Þar fann hann hundruðir fanga þ.s. þeir bjuggu við skelfilegar aðstæður. Ástandið náði hámarki 1992 þegar lögreglan drap 111 manns þegar óeirðir brutust út. Átakanleg meistaraverk frá hinum magnaða Hector Babenco.

THE FOG OF WAR; ELEVEN LESSONS FROM THE LIFE OF ROBERT S. MCNAMARA 2003

Stríðspokan; lífsreynsla Robert S. McNamara

Heimildamynd. Bandaríkin. Enskt tal. 95 mínútur. Leikstjóri: Errol Morris.

Heimildamynd um Robert McNamara, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í stjórn Kennedy og Johnsons, sem varð síðar forstjóri Heimsbankans. Myndin inniheldur m.a. viðtal við McNamara, þar sem hann

talar um gleði og sorgir 20. aldarinnar, sögulegt myndefni, skjöl og tónlist e. Phillip Glass (The Hours).

YOUNG ADAM


2003

Adam hinn ungi


Drama / tryllir. Bandaríkin / Frakkland. Enskt tal. 93 mínútur. Leikstjóri: David Mackenzie. Helstu leikarar: Ewan McGregor, Tilda Swinton, Peter Mullan, Emily Mortimer ofl.

- Vann í flokkinum "Besta breska myndin" á Kvikmyndahátíðinni í Edinborg.

Joe, rótlaus útigangsmaður, fær vinnu á pramma sem ferðast á milli Glasgow og Edinborgar sem Les og eiginkona hans, Ella, eiga. Dag einn finna þau lík ungrar konu í vatninu. Slys? Sjálfsmorð? Morð? Á meðan lögreglan rannsakar málið kemur í ljós að Joe veit töluvert meira um málið en hann lætur uppi.



Heimildarmyndin *The Fog of War* eftir hinn kunna Errol Morris (*The Thin Blue Line*), fjallar um ævi og störf Robert McNamara, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í stjórn Kennedy og Johnsons, sem síðar varð forstjóri Heimsbankans.



Hluti af plakati myndarinnar *Elephant* eftir Gus Van Sant, en hún vann Gullpálmann í Cannes á þessu ári.

HOME ROOM 2002

Drama. Bandaríkin. Enskt tal. 133 mínútur. Leikstjóri: Paul F. Ryan. Helstu leikarar: Busy Phillips, Erika Christen-sen, Victor Garber ofl.

- Vann f. sem besta bandaríska myndin á Chamizal kvikmyndahátíðinni
- Vann áhorfendaverðlaunin á Kvikmyndahátíðinni í Santa Cruz

Ótrúlegur harmleikur. Ólíklegur vinskapur. Einstök leit að svörum. Níu liggja í valnum, þ.á.m. árasarmaðurinn, og

Martin Van Zandt, rannsóknar-lögreglumaður, fær þetta erfiða mál í hendurnar og þarf að finna einhvern ábyrgan fyrir þessum skelfilega atburði. Athygli hans beinist að eina vitninu og líklegum sökudólg.

REMBRANDT / STEALING REMBRANDT 2003

Rembrandt ránið

Spenna / gaman. Danmörk. Enskur texti. 109 mínútur. Leikstjóri: Jannik Johansen. Helstu leikarar: Nikolaj Coster – Waldau, Nicolas Bro, Lars Brygmann ofl.

Mick & Tom þjófóttir feðgar sem hafa verið ráðnir í að stela málverki. En fyrir slysi stela þeir vitlausu málverki... eina upprunalega Rembrandt málverkinu sem til er í Danmörku!

THIRTEEN 2003

Þrettán ára

Drama. Bandaríkin. Enskt tal. 100 mínútur. Leikstjóri: Catherine Hardwick. Helstu leikarar: Evan Rachel Wood, Nikki Reed, Holly Hunter.

Tracy er mjög klár en svolítið barnaleg ung stúlka. Þegar hún kynnist Eve, vinsælustu og fallægustu stelpunni í skólanum kynnist hún eiturfylfum, kynlífi og masókisma. Þegar þessi mikla breyting á sér stað verður samband hennar við móður sína gríðarlega stormasamt sem og sambönd hennar við kennara og gamla vini.

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.REGNBOGINN.IS

EDDA 2003



KVIKMYNDAHÁTIÐ
REGNBOGANUM 3.-19.ókt.

Úrval bestu mynda ársins á Kvikmyndahátíð Eddunnar í Regnboganum 3.-19. október

ELEPHANT/Gus Van Sant • DOGVILLE/Lars Von Trier
DIRTY PRETTY THINGS/Stephen Frears • HERO/Zhang Yimou
BLUE CAR/Karen Moncrieff • CARANDIRU/Hector Babenco
THE FOG OF WAR/Errol Morris • YOUNG ADAM/David Mackenzie
HOME ROOM/Paul F. Ryan • STEALING REMBRANDT/Jannik Johansen
THIRTEEN/Katherine Hardwick •

SÝNINGARTÍMAR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR á WWW.REGNBOGINN.IS

TILNEFNINGAR TIL EDDUVERÐLAUNA 2003

LEIKARI ÁRSINS:

Ólafur Darri Ólafsson
fyrir stuttmyndina Fullt hús
Tómas Lemarquis
fyrir Nóa albínóa
Þórhallur Sigurðsson (Laddi)
fyrir Stöllu í framboði

LEIKKONA ÁRSINS:

Edda Björgvinsdóttir
fyrir Stöllu í framboði
Elodie Bouchez
fyrir Stormviðri
Sigurlaug (Didda) Jónsdóttir
fyrir Stormviðri

LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI:

Hjalti Rögnvaldsson
fyrir Nóa albínóa
Þorsteinn Gunnarsson
fyrir Nóa albínóa
Þröstur Leó Gunnarsson
fyrir Nóa albínóa

LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI:

Anna Friðriksdóttir
fyrir Nóa albínóa
Edda Heiðrún Backman
fyrir Áramótaskaupið 2002
Elín Hansdóttir
fyrir Nóa albínóa

SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS:

Áramótaskaupið 2002
Leikstjóri: Óskar Jónasson. Handrit: Hallgrímur Helgason, Hjálmar Hjálmarsson, Óskar Jónasson. Framleiðandi: Sjónvarpið
Fólk með Sirrý
Umsjón: Sigríður Arnardóttir. Dagskrárgerð: Kolbrún Jarlsdóttir. Framleiðandi: Skjár einn
Laugardagskvöld með Gísla Marteini
Umsjón: Gísli Marteinn Baldursson. Dagskrárgerð: Sigríður Guðlaugsdóttir og Egill Eðvarðsson. Framleiðandi: Sjónvarpið
Sjálfstætt fólk
Umsjón: Jón Ársæll Þórðarsson. Dagskrárgerð: Jón Ársæll Þórðarsson og Steingrímur Jón Þórðarson. Framleiðandi: Stöð 2
Poppunktur
Umsjón: Felix Bergsson og Gunnar Lárus Hjálmarsson. Dagskrárgerð: Sindri Kjartansson. Framleiðandi: Skjár einn
Spaugstofan
Umsjón/handrit: Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson, Örn Arnason, Pálmi Gestsson, Randver Þorláksson. Dagskrárgerð: Björn Emilsson. Framleiðandi: Sjónvarpið

SJÓNVARPSFRÉTTAMAÐUR ÁRSINS:

Brynhildur Ólafsdóttir
Stöð 2
Egill Helgason
Silfur Egils - Skjá einum
Ómar Ragnarsson
Sjónvarpinu

HEIMILDARMYND ÁRSINS:

Á meðan land byggist
Stjórnandi: Ómar Ragnarsson. Handrit: Ómar Ragnarsson. Framleiðandi: Hugmyndaflug
Ég lifi - Vestmannaeyjagosið 1973
Stjórnandi: Magnús Viðar Sigurðsson. Handrit: Margrét Jónasdóttir. Framleiðandi: Páll Baldvin Baldvinsson/Storm/Stöð 2
Hlemmur
Stjórnandi: Ólafur Sveinsson. Framleiðendur: Gerd Haag, Ólafur Sveinsson
Hrein og bein - sögur úr íslensku samfélagi
Stjórnendur: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Þorvaldur Kristinsson. Framleiðandi: Krumma kvikmyndir
Mótmælandi Íslands
Stjórnendur: Jón Karl Helgason, Þóra Fjellsted. Framleiðandi: Böðvar Bjarki Pétursson/Tuttugu geitur

HLJÓÐ OG MYND:

Jón Karl Helgason
fyrir kvikmyndatöku og klippingu
Mótmælanda Íslands
Rasmus Videbæk
fyrir kvikmyndatöku Nóa albínóa
Sigurrós
fyrir tónlist í Hlemmi

ÚTLIT MYNDAR:

Bjarki Rafn Guðmundsson
fyrir brellur í Karamellumyndinni
Jón Steinar Ragnarsson
fyrir leikmynd í Nóa albínóa
Stígur Steinþórsson
fyrir leikmynd í Karamellumyndinni

HANDRIT ÁRSINS:

Dagur Kári Pétursson
fyrir Nóa albínóa
Gunnar B. Guðmundsson
fyrir Karamellumyndina
Ólafur Sveinsson
fyrir Hlemm

LEIKSTJÓRI ÁRSINS:

Dagur Kári Pétursson
fyrir Nóa albínóa
Gunnar B. Guðmundsson

fyrir Karamellumyndina
Ólafur Sveinsson
fyrir Hlemm

BÍÓMYND ÁRSINS:

Nói albínói
Leikstjóri: Dagur Kári Pétursson. Handrit: Dagur Kári Pétursson. Framleiðendur: Skúli Malmquist og Þórir Snær Sigurjónsson/Zik Zak kvikmyndir.
Stella í framboði
Leikstjóri: Guðný Halldórsdóttir. Handrit: Guðný Halldórsdóttir. Framleiðandi: Halldór Þorgeirsson/Umbi.
Stormviðri
Leikstjóri: Sólveig Anspach. Handrit: Sólveig Anspach, Cécile Vargaftig, Pierre E. Guillaume, Roger Bohbot. Framleiðandi: Sögn ehf, Ex Nihilo, Les Films du Fleuve.

STUTTMYND ÁRSINS:

Burst
Leikstjóri: Reynir Lyngdal. Danshöfundur: Katrín Hall. Framleiðendur: Anna Dís Ólafsdóttir, Jón Þór Hannesson/Saga Film.
Karamellumyndin
Leikstjóri: Gunnar B. Guðmundsson. Handrit: Gunnar B. Guðmundsson. Framleiðandi: Davíð Már Bjarnason/Þeir tveir
Tíu Laxnesmyndir
Leikstjóri: Ýmsir. Handrit: Ýmsir. Framleiðandi: Sveinbjörn I Baldvinsson/Túndra

TÓNLISTARMYNDBAND ÁRSINS:

Allt sem ég sé (Írafár)
Leikstjóri: Guðjón Jónsson. Framleiðandi: Agn
Life in a Fish Bowl (Maus)
Leikstjórar: Björn og Börkur. Framleiðandi: Réttur dagsins ehf
Mess it up (Quarashi)
Leikstjóri: Gaukur Úlfarsson. Framleiðandi: Skífan

HEIÐURSVERÐLAUN 2003:

Knútur Hallsson
fyrirverandi ráðuneytisstjóri fyrir framlag sitt til kvikmyndamála á Íslandi

SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS:

Verður valinn í skoðanakönnun Gallup á Íslandi og af almenningi á mbl.is. Mun könnun Gallup hafa 70% vægi á móti 30% vægi netkosningarinnar á mbl.is

ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR

HVAÐ? Allir litir hafsins eru kaldir er sakamálasaga sem gerist í Reykjavík samtímans. Hún verður framleidd í tveimur útgáfum, 3x50 mín. þáttaröð fyrir sjónvarp og 90-100 mín. kvikmyndaútgáfu. Önnur kafinn lögmaður er nokkuð óvænt skipaður verjandi síbrotamanns sem grunaður er um hrottalegt morð. Systir mannsins gagnrýnir lögregluna fyrir fordóma og telur að illa sé staðið að rannsókn málsins. Verjandinn getur ekki annað en hrifist af þessari kjarkmiklu ungu konu en um leið sækja á hann efasemdir: Hver var hennar þáttur nákvæmlega í tildrögum morðsins – og hvað er það sem raunverulega býr að baki sífelldum afskiptum hennar?

HVERJIR? Myndin er framleidd af Ax ehf í samvinnu við Íslensku kvikmyndasamsteypuna. Handritshöfundur og leikstjóri er Anna Th. Rögnvaldsdóttir, framleiðandi Ólafur Rögnvaldsson og meðframleiðandi Friðrik Þór Friðriksson. **HVENÆR?** Tökur hefjast í nóvember/desember og verður myndin tilbúin til sýninga sumarið 2004. Allir litir hafsins verður sýnd á RÚV, SVT og TG4 og gerð myndarinnar hefur verið styrkt af MÚ, MEDIA, NFTF og KMÍ. Dreifingaraðili er Media Luna Entertainment GmbH.



Ingvar E. Sigurðsson er Grímur í Kaldaljós eftir Hilmar Oddsson.

KALDALJÓS

HVAÐ? Kaldaljós segir sögu af tvennum tímum í lífi Gríms Hermundarsonar. Ástríkri barnæsku Gríms lýkur alltof fljótt þegar hann verður fyrir miklu áfalli. Langt fram á full-orðinsár hefur Grímur sig lítt frammi í lífinu, þar til nýir ástvinir koma til sögunnar og knýja dyra í lífi hans.

HVERJIR? Hilmar Oddsson leikstýrir og skrifar handrit ásamt Frey Þormóðssyni sem byggt er á samnefndri skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur. Með helstu hlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Áslákur og Snæfríður Ingvarsbörn, Ruth Ólafsdóttir og Kristbjörg Kjeld. Friðrik Þór Friðriksson og Anna María Karlsdóttir framleiða fyrir Íslensku kvikmyndasamsteypuna. **HVENÆR?** Myndin verður frumsýnd um land allt þann 1. janúar 2004.

DÍS

HVAÐ? Dís, 23ja ára Reykjavíkurdóttir, er á þeim stað í lífinu að hún er að máta sig í hin ýmsu hlutverk og er nokkuð ráðvillt og leitandi. Hún leigir íbúð á Laugaveginum með vinkonu sinni Blævi, skrautlegri listaspíru sem vinnur í Alþjóðahúsinu og er virkur þátttakandi í áhugaleikfélagi. Eldri vinkonur og jafnöldrur Dísar eru komnar á annan stað í lífinu; búnar að finna sig í lífsgæðakaplaupinu. Dís ræður sig í vinnu á Hótel Borg og kynnist þar fólki sem hefur áhrif á líf hennar til frambúðar. **HVERJIR?**

Silja Hauksdóttir leikstýrir og skrifar handrit ásamt Birnu Önnu Björnsdóttur og Oddnýju Sturludóttur, en byggt er á samnefndri skáldsögu þeirra þriggja. Baltasar Kormákur framleiðir fyrir Sögn og Agnes Johansen er framleiðslustjóri. Í aðalhlutverkum eru Álfur Helga Örnólfsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Gunnar Hansson, Árni Tryggvason og Þórunn Erna Clausen.

HVENÆR? Tökur standa yfir þessa dagana. Frumsýning er fyrirhuguð í mars 2004.



DRAUMADÍS: Silja Hauksdóttir, leikstjóri Dísar, í Draumadísu (1996) eftir Ásdísi Thoroddsen.

NÆSLAND

HVAB? Jed og Chloe eru á þrítugsaldri og lifa einföldu lífi. Þau elska hvort annað, finna hamingjuna í hinu smáa og hyggjast gifta sig. Köttur Chloe deyr og það veldur þeim miklu hugarangri og hryggð. Chloe lokar sig af heima en Jed leggur upp í árangurslitla leit að tilgangi lífsins, í þeirri von að geta sefað harm Chloe. Hann kynnist flækingnum Max sem býr á ruslahaug og telur að hjá honum sé að finna lykilinn að leyndarmálum tilverunnar. Saman leggja þeir úti óvissuna með óvæntum afleiðingum. **HVERJIR?** Friðrik Þór Friðriksson leikstýrir, Huldar Breiðfjörð skrifar handrit, Þórir Snær Sigurjónsson og Skúli Malmquist framleiða fyrir Zik Zak kvikmyndir. Meðframleiðendur eru Nimbus Film, Danmörku; Tradewind Pictures, Þýskalandi og Film & Music Entertainment, Bretlandi. Í helstu hlutverkum eru Martin Compston, Gary Lewis, Guðrún Bjarnadóttir, Peter Capaldi, Kerry Fox og Shauna MacDonald. **HVENÆR?** Myndin er í klippingu. Frumsýning er ráðgerð í maí 2004.



Gary Lewis og Martin Compston í hlutverkum sínum í Næsland.

Í TAKT VIÐ TÍMANN

HVAB? Rúmlega tveimur áratugum eftir frumsýningu Með allt á hreinu birtist þetta óbeina framhald vinsælustu myndar íslenskrar kvikmyndasögu. Hljómsveit sem lagði upp laupana fyrir tuttugu árum og þótti fremur gamaldags þá sér ástæða til að koma saman á ný. Haldgóð rök eru fyrir von um glæsta framtíð, en vofur fortíðarinnar banka upp á í líki einstæðrar móður og glaðsinna rótara. Leiðin liggur ekki aðeins um ýmsar náttúruperlur Íslands, heldur einnig um erlenda grund í tveimur heimsálfum, auk þess sem skyggst er inn í aðra heima. **HVERJIR?** Ágúst Guðmundsson er leikstjóri og hefur umsjón með handritsgerð. Jakob Magnússon framleiðir ásamt Ágústi fyrir kvikmyndafélagið Bjarmaland. Með helstu hlutverk fara Egill Ólafsson, Ragnhildur Gísladóttir og Eggert Þorleifsson. **HVENÆR?** Tökur hófust í Tívoli í Kaupmannahöfn í septembermánuði eins og frægt er orðið. Þeim verður síðan fram haldið á næsta ári og gert er ráð fyrir að frumsýning verði á síðari huta næsta árs.



MYNDIR SEM KYNNTAR VORU Á SÍÐASTA ÁRI OG ERU EINNIG VÆNTANLEGAR:



ÞRIÐJA NAFNIÐ

HVAB? Ungur ofurhugi heldur áhöfn og farþegum ferjubáts í gíslingu og heimilar að fá að tala við unnustu sína, en hún telur sig aldrei hafa heyrt hans getið. **HVERJIR?** Einar Þór Gunnlaugsson skrifar, leikstýrir og framleiðir ásamt Ian Bang fyrir Passport Pictures. Elma Lís Gunnarsdóttir, Moses Rockman, Hjalte Rögnvaldsson, Glenn Conroy og Þröstur Leó Gunnarsson fara með helstu hlutverk. **HVENÆR?** Óvíst.



OPINBERUN HANNESAR

HVAB? Þegar tölvu Hannesar með mikilvægum upplýsingum er stolið af Eftirlitsstofnun Ríkisins fer hann sjálfur að leita hennar með afdrifaríkum afleiðingum. **HVERJIR?** Hrafn Gunnlaugsson skrifar, leikstýrir og framleiðir, byggt er á smásögu eftir Davíð Oddsson. Í helstu hlutverkum eru Viðar Víkingsson, Jóhanna Vígdís Arnardóttir og Helga Braga Jónsdóttir. **HVENÆR?** 1. janúar 2004 í Sjónvarpinu, sýningar hefjast daginn eftir í Háskólabíói.



VEÐMÁLIÐ

HVAB? Ungur framleiðandi í Hollywood veðjar við annan reyndari að hægt sé að gera kvikmynd á þremur dögum. **HVERJIR?** Sigurbjörn Aðalsteins-son skrifar og leikstýrir, Kristine Gísladóttir framleiðir fyrir Prophecy Pictures. Hún leikur líka eitt aðalhlutverkanna ásamt Chris Devlin og hinum góðkunna Burt Young (sjámynd). **HVENÆR?** Jól 2003.



AÐSTANDENDUR EDDU 2003

Stjórn ÍKSA

Kristín Atladóttir, formaður
Ásgrímur Sverrisson
Björn B. Björnsson
Friðrik Þór Friðriksson
Jón Karl Helgason
Laufey Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri Eddu 2003:

Lilja Hilmarsdóttir

Stjórn útsendingar:

Egill Eðvarðsson

Listrænn stjórnandi:

Hjörtur Grétarsson

Gestgjafar Eddu 2003:

Eva María Jónsdóttir
Sverrir Sverrisson

Kynnir í upphitun:

Þórhallur Gunnarsson
Gísli Marteinn Baldursson
Sigríður Arnardóttir

Kynnir í sjónvarpsþáttum:

Sigríður Guðlaugsdóttir

Umsjón með framkvæmd kosninga:

Kristín Erna Arnardóttir
Gréta Hlöðversdóttir

Kjörnefnd:

Jón Heiðar Guðmundsson, hagfræðingur
Tryggvi Agnarsson, lögmaður
Jón Atli Kristjánsson, hagfræðingur

Leikmynd:

Úlfur Grönvold

Lýsing:

Extón/Kastljós

Hönnun kynningarefnis:

Jón Jens Ragnarsson

VALNEFNDIR:

Þeir tilnefndu leikara:

Þórhallur Sigurðsson,
Róbert Douglas,
Guðjón Pedersen.

Þau tilnefndu bíómyndir, leikstjóra, handrit og stuttmyndir:

Ólafur Torfason,
María Sigurðardóttir,
Páll Baldvin Baldvinsson.

Þau tilnefndu heimildarmyndir:

Þorsteinn Jónsson,
Salvör Nordal,
Pétur Blöndal.

Þær tilnefndu fagmenn:

Inga Björk Sólves,
Helga Stefánsdóttir,
Þuríður Einarsdóttir.

Þau tilnefndu sjónvarpsfni:

Skarphéðinn Guðmundsson,
Anna Th. Rögnvaldsdóttir,
Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir.

Þeir tilnefndu tónlistarmyndbönd:

Þiðrik Ch. Emilsson,
Gunnar L. Hjálmarsson,
Hálfðán Theódórsson.

Þeir tilnefndu sjónvarpsfréttamenn:

Steingrímur Sævarr Ólafsson,
Gunnar Steinn Pálsson,
Jónas Kristjánsson

Verðlaunagripurinn er eftir **Magnús**

Tómasson myndlistarmann og er

hugmynd hans sótt í Skáldskaparmál

Snorra-Eddu. Verkið sýnir Gunnlöðu

og Óðinn og heldur Gunnlöð á einu

kerjanna sem skáldskaparmjóðurinn

var geymdur í.



SPAUGSTOFAN

Spaugstofan er tilnefnd til Edduverðlauna 2003.

Til hamingju með það !



Öflugur vefur opnar í október

Fréttir, greinar, viðtöl og allskyns upplýsingar á vefnum; blaðið kemur út tvisvar á ári, vor og haust.

Útgefendur Lands & sona, (FK, SÍK, SKL, KMF) hafa ákveðið að breyta útgáfufyrirkomulagi blaðsins. Settur verður upp vefur sem uppfærður verður allt að daglega og verður þar að finna fréttir, greinar, viðtöl og margskonar upplýsingar um íslenska kvikmynda- og sjónvarpsgeirann. Jafnframt þessu mun blaðið koma út á pappírsformi í lit tvisvar á ári, vor og haust. Þar verður lögð áhersla á greinar um kvikmynda- og sjónvarpsmenningu og -pólitík (vorhefti) og umfjöllun um Edduverðlaunin (hausthefti).

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían verður formlegur útgefandi vefs og blaðs enda er það félag í eigu hagsmunafélaga geirans og ætlað að vera sameiginlegur vettvangur þeirra til að berjast fyrir framgangi greinarinnar hér á landi. Ritstjóri vefs og blaðs verður Ásgrímur Sverrisson.

Stefnt er að því að opna vefinn í seinnihluta október. Markmiðið með öllum þessum breytingum er að auka og bæta þjónustu við íslenska kvikmynda- og sjónvarpsgeirann, auk þess að efla umræðu um málefni sem hann varða.

Meðal helstu nýjunga á vefnum eru:

• **VERK Í VINNSLU:**

Upplýsingar um þau verk sem eru í vinnslu og aðstandendur. Fram kemur hvar verk er statt. Miðað er við að verk verði skráð um leið og tökuáætlun liggur fyrir. Uppfært eftir þörfum.

• **EDDUVERÐLAUNIN:**

Heimili Eddunnar á netinu. Sinnir upplýsingagjöf á netinu meðan á aðdraganda Eddunnar stendur. Allar upplýsingar um eldri Edduverðlaun, kjörskrá, reglur og annað tilheyrandi.

• **ÍSLENSKIR KVIKMYNDA-**

GERÐARMENN / ICELAND-IC FILMMAKERS:

Upplýsingar á íslensku og ensku um alla starfandi íslenska kvikmyndagerðarmenn. Verka-skrá, kontakt upplýsingar o.fl. Hægt að leita eftir nöfnum, stafrófsröð eða starfsheimum. Byggt á svipaðri aðferð og The Knowledge í Bretlandi.

Síðastnefnda atriðið verður þó í vinnslu áfram og standa vonir til að þessi gagnabanki verði komnir í gagnið fyrir áramótin.

Vefur Kvikmyndamiðstöðvar opnar innan skamms og einnig gagnabanki á ensku um íslenskar kvikmyndir

Þá er um þessar mundir verið að leggja lokahönd á nýjan og glæsilegan vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar sem verður að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar á ensku og íslensku auk fréttar.

Einnig er unnið að enduruppsetningu vefs sem á að þjóna sem ítarlegur gagnabanki á ensku um íslenskar kvikmyndir af öllum stærðum og gerðum, bíómyndir, sjónvarpsmyndir, heimildarmyndir, stuttmyndir og annað. Ítarlegar upplýsingar verður þarna að finna um hverja mynd og verða þær uppfærðar eftir þörfum. Hægt verður að leita eftir nöfnum, árum, stafrófsröð og leikurum eða starfsliði.

Í framtíðinni verður stefnt að því að hægt sé að kaupa efni beint af þessum vef, eða að boðið verði uppá tengil sem vísar beint á slíkan vef. Þetta er þó framtíðarmúsík til næstu ára og háð ýmsu, t.d. fjármögnun, samningum við rétthafa, tæknimálum og fleiru. Nánar verður fjallað um þetta atriði þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Aðeins það besta



HANS PETERSEN

**Eftirtalin fyrirtæki eru í framlínu
íslenska kvikmynda- og sjónvarpsgeirans**



Laugavegi 176, 105 Reykjavík
Sími: 561 2181
ax@centrum.is



Skipholt 50a, 105 Reykjavík
Sími: 561 0610
Fax: 561 0620
www.basecamp.co.is



Ægisgötu 7
101 Reykjavík
Sími: 511 3550
www.caoz.is



Óðinsgata 20,
101 Reykjavík
Sími: 561 3395
Fax: 552 3395
kristinatla@islandia.is

**Kvikmyndafélag
Íslands**

Bankastræti 11, 101 Reykjavík
Sími: 562 4615
Fax: 562 4615
www.icelandicfilmcompany.com



ISLENSKA KVIKMYNDASAMSTEYPPAN

Hverfisgata 46, 101 Reykjavík
Sími: 551 2260
Fax: 552 5154
www.icecorp.is



Melgerði 2, 200 Kópavogur
Sími: 567-9300 Fax: 567-9303
www.twilight.is



Norðnorðvestur kvikmyndagerð ehf.
Viðarhöfða 6, 1110 Reykjavík
Sími: 567 9200 Fax: 567 9201
hilldur@nnw.is



Sóltún 24, 105 Reykjavík
Sími: 511 4590 Fax: 511 4595
www.pegasus.is



Starmýri 2, 108 Reykjavík
Sími: 5884820
www.postp.is



Laugavegur 176,
105 Reykjavík
Sími: 515 4600
Fax: 581 4802
www.sagafilm.is

Seylan

Laufásvegur 54, 101 Reykjavík
Sími: 562 2180
Fax: 562 2182
www.seylan.is



Brautarholt 8
105 Reykjavík
Sími: 562 6660
Fax: 562 6665
bjorn@hugsjon.is



Vesturgötu 11a
101 Reykjavík
Sími: 511 2333
Fax: 511 2334
www.storm.is



Birkihlið 22
105 Reykjavík
Sími 588 0741
www.upptekid.is



Síðumúla 12, 108 Reykjavík
Sími: 588 8070
www.this.is/uss



Hverfisgata, 101 Reykjavík
Sími: 511 2019
thor@zikzak.is



Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sími: 595-3660
www.t2.is

Opnir staðlar



Óháð formi



Lægri rekstrar-
kostnaður



Stytttri
vinnslutími



INNSÝN Í FRAMTÍÐINA - **XDCM.**

- Hámarks frelsi
- Hámarks hraði
- Hámarks sveigjanleiki

SONY


NÝHERJI

NÝHERJI HF BORGARTÚNI 37 - Sími 569 7700 - <http://www.nyherji.is>

Betri lausnir